

GJALDSKRÁ

vatnsveitna í rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. (HEF), Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Fljótsdalshéraðs, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

2. gr.

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi fyrir hvern fermetra samkvæmt fasteignamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar skal greiða vatnsgjald sem nemur kr. 245 á fermetra skv. fasteignamati og fast gjald kr. 8.250 á matseiningu. Árlegt vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal að lágmarki vera kr. 24.900.

4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs ákveður fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5. gr.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimt skv. rúmmetramæli sem HEF leggur til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera kr. 28 pr. rúmmetra, og frá Urriðavatnsveitu kr. 22 pr. rúmmetra.

6. gr.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga pr. dag kr.</i>
15 mm	34,13
20 mm	34,93
25 mm	44,98
32 mm	50,40
50 mm	74,09
80 mm	194,07
100 mm og stærri	204,12

7. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt frá tengistað HEF við lóðarmörk, að tengistað (inntaksrými) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörs hafi verið tekin út og samþykkt af HEF.

Þvermál inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðargjald – þéttbýli, kr:	227.746	325.580	481.863	707.326	937.584
Heimæðargjald, Eyvindarárveita, kr.	373.070	Dreifbýli			
Vallaveita – Unabyggð, kr.	453.894				

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds, eða gera viðkomandi að greiða fyrir heimæðina skv. kostnaði. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða þegar frost er í jörðu.

8. gr.

Verðlagning.

Stjórn HEF tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. gr. í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu 1. desember 2011, 111,6 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár vatnsveitu Fljótshéraðs.

Fljótshéraði, 9. júní 2016.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri.